

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1940.

Mál þetta var þingfest hér fyrir rétti þann 5. f. m. Mætti stefndur þá ekki né nokkur af hans hálfu, en stefnandi tók viku frest til málsútlistar. Við fyrirtekt málsins þann 12. f. m. mætti stefndur ekki heldur né neinn af hans hálfu, og var málið þá tekið til dóms skv. kröfu stefnanda.

Með heiðni dags. 23. f. m. fór stefnandi þess á leit, að mál þetta yrði tekið upp að nýju skv. heimild í 118. gr. einkamálalaganna. Kvaðst stefndur hafa verið forfallaður, er málið skyldi þingfest, og hefði hann ekki getað komið því við að mæta í málinu eða láta mæta fyrir sig.

Það er upplýst með framlögðu vottorði, enda óvæfengt, að stefndur var fjarverandi úr bænum þann 4. og 5. sept. s. l. Stefnandi hefir samt mótmælt endurupptöku málsins, þar sem hann telur, að stefndur muni hafa átt þess kost, að senda hæfan umboðsmann í sinn stað.

Með tilliti til nefndrar fjarvistar stefnds, er telja verður að skapi líkur fyrir staðhæfingum hans að þessu leyti, þykir þó vera um forföll af hans hálfu að ræða. Og þar sem auk þess virðist talsvert skorta á upplýsingar í málinu, þykir eftir atvikum rétt að heimila endurupptöku þess.

Þvi úrskurðast:

Framangreint mál skal endurupptekið.

Miðvikudaginn 23. október 1940.

Nr. 90/1940: Eimskipafélagið Ísafold h/f

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

(Theódór B. Lindal).

Varadómari próf. Ísleifur Árnason í stað
hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Deila um loforð um váttryggingu.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefir kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. þ. m., hefir krafizt þess, að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum eftir ákvörðun hæstaréttar, dæmdur til þess að gefa út líftryggingarskirteini til handa tilgreindum skipverjum á skipi áfrýjanda, e/s Eddu, og með tilteknum upphæðum samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 7, gegn greiðslu á fallinna iðgjalda, kr. 13849.02. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Í máli þessu sækir áfrýjandi stefnda til útgáfu líftryggingarskirteina til handa fyrrnefndum skipverjum sínum, er honum var skylt að láta þeim í té til efnda á stríðsáhættufyrirmælum í samningi 7. okt. 1939 milli útgerðarmanna og sjómanna. Áfrýjandi er því réttur aðili máls þessa, og sýknukrafa stefnda vegna aðildarskorts áfrýjanda hefir því ekki við rök að styðjast.

Áfrýjandi mátti ekki treysta því, að forstjóri Carl D. Tulinius h/f, vátryggingaumboðsmanns stefnda, hefði f. h. félags síns umboð til þess að gera vátryggingarsamning þann, sem í þessu máli greinir, fyrir stefnda. Veltur mál þetta því á því, hvort stefndi hafi sjálfur bundizt loforði í þá átt.

Forstjóri hins stefnda félags, Brynjólfur Stefáns-son, hefir í skriflegum, en óstaðfestum, skýrslum neitað því, að hann hafi fyrir hönd stefnda undirgengizt líftryggingu téðra skipverja til efnda á líftryggingarákvæðum áðurnefndra samninga milli útgerðarmanna og sjómanna, sem miðuð sé við ófriðarástandið, enda sé tryggingarskyldu útgerðar

lokið, þegar því ástandi lýkur, heldur hafi hann einungis veitt loforð um að líftryggja skipverja þessa venjulegri tryggingu, eins og stefndi hafi gert um allmarga sjómenn í upphafi styrjaldarinnar. Forstjóri h/f Carl D. Tulinius, Carl D. Tulinius, og tveir starfsmanna þess félags hafa hins vegar borið það og staðfest fyrir dómi, að forstjóri stefnda áður nefndur hafi fyrir hönd hans undirgengizt að líftryggja skipverjana til efnda áfrýjanda á stríðs-tryggingarfyrirmælum áðurgreinds samnings. Málalok skipta h/f Carl D. Tulinius fjárhagslega í allríkum mæli og forstjóra þess siðferðilega, og verður hann því ekki talinn lögfullt vitni í því. Hin vitnin voru þá starfsmenn félags þessa, og verða því ekki heldur talin lögfull. Hefir áfrýjandi því ekki leitt fullar sönnur að loforði því, sem hann hermir upp á forstjóra stefnda í máli þessu. Hins vegar þykir hann þó hafa stutt staðhæfingu sína svo sterkum stöðum með skýrslum vitna þessara, að málalok velti á eiði forstjóra stefnda, þannig, að stefndi verði dæmdur sýkn af kröfum áfrýjanda, ef forstjórinn synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi og innan 7 daga frá birtingu dóms þessa, að hann hafi fyrir hönd stefnda veitt loforð um líftryggingu tilgreindra skipverja skips áfrýjanda, e/s Eddu, í októbermánuði 1939 til efnda skyldum áfrýjanda samkvæmt líftryggingarákvæðum vegna stríðsáhættu í samningum 7. okt. 1939 milli útgerðarmanna og sjómanna.

En ef nefndum forstjóra hins stefnda félags verður eiðfall, skal því skylt að gefa út innan 7 daga frá lokum ofanefnds eiðsfrests líftryggingarskirteini áður nefndra skipverja e/s Eddu með tilgreindum

upphæðum samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 7, að viðlögðum 50 króna dagsektum, en gegn greiðslu áfallinna iðgjalda, kr. 13849.02.

Dagsekta hefir ekki verið krafizt af nokkrum ákveðnum, einstökum manni, og verður því ekki sett ákvæði um afplánun þeirra í dóm þenna.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f, ef forstjóri stefnda, Brynjólfur Stefánsson, synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmaeltu varnarþingi og innan 7 daga frá birtingu dóms þessa, að hann hafi fyrir hönd stefnda veitt loforð um líftryggingu tilgreindra skipverja skips áfrýjanda, e/s Eddu, í októbermánuði 1939 til efnda á skyldum áfrýjanda samkvæmt líftryggingarákvæðum vegna stríðsáhættu í samningum 7. okt. 1939 milli útgerðarmanna og sjómanna.

En ef ofanefndum forstjóra stefnda verður eiðfall, skal stefnda skylt að gefa út innan 7 daga frá lokum ofangreinds eiðvinningsarfrests líftryggingarskirteini áður nefndra skipverja e/s Eddu með tilgreindum upphæðum samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 7, að viðlögðum 50 króna dagsektum, en gegn greiðslu áfallinna iðgjalda, kr. 13849.02.

Málskostnaður bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. sept. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 31. jan. s. l. af Gunnari Guðjónssyni framkvæmdarstjóra f. h. Eimskipafélagsins Ísafold h/f hér í bæ gegn stjórn Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f f. h. félagsins, þeim Halldóri Þorsteinssyni, Lárusi Fjeldsted, Hallgrimi Tulinius, Aðalsteini Kristinssyni og Guðmundi Ásbjörnssyni, öllum hér í bæ, og gerir stefnandi þær réttarkröfur, að hin stefnda stjórn verði f. h. félagsins, að viðlögðum dagsektum eftir mati réttarins, dæmd til að gefa út líftryggingarskirteini fyrir tilgreinda skipverja á e/s Eddu og með tilteknum upphæðum, gegn afhendingu á iðgjaldi, kr. 9232.68, sem „deponerað“ hefir verið hjá réttinum. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar skv. mati réttarins. Hefir stefnandi jafnframt áskilið sér rétt til að krefjast bóta af stefnda fyrir allt það tjón, er hann telur sig hafa beðið vegna þess, að nefnd líftryggingarskirteini voru eigi gefin út á réttum tíma.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkv. mati réttarins. Við hinn munnlega málflutning gerði stefnda og þá kröfu „ex tuto“, að málinu yrði frá vísað, en ekki var sú krafa á þann veg rökstudd, að hún geti orðið tekin til greina.

Tildrög málsins eru þau, að með samningi dags. 7. okt. f. á. skuldbundu útgerðarmenn sig gagnvart Sjómannafélaginu til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum striðsslysa. Hinn 10. s. m. kom Carl D. Tulinius, forstjóri h/f Carl D. Tuliniur & Co, til stefnanda og spurðist fyrir um það, hvort hann mundi ekki vilja kaupa líftryggingu hjá stefnda handa allri skipshöfn e/s Eddu, sem þá átti að leggja af stað til Ítalíu næstu daga. Kvaðst stefnandi hafa tjáð Tulinius, að svo framarlega sem tryggingar fengjust keyptar handa allri skipshöfninni á venjulegum líftryggingargrundvelli, væri hann fús til

að kaupa þær þegar í stað. Segir stefnandi, að Tulinius hafi skömmu síðar tilkynnt sér, að stefnda hefði samþykkt umræddar tryggingar „princiþielt“, en með fyrirvara um læknisskoðun, eins og venja væri til, og í því skyni hefðu læknar verið sendir til Keflavíkur til að framkvæma skoðunina, en skipið var þá statt þar. Að lokinni skoðun, eða næsta dag, hafi Tulinius tjáð sér, að liftryggingar allrar skipshafnarinnar væru gengnar í gildi, að skipstjóranum undanskildum, vegna fyrri sjúkdóms hans, en Tulinius hafi sagt mundu útvega liftryggingu fyrir hann hjá öðru félagi. Jafnframt hafi Tulinius farið þess á leit, að missirisgjöld yrðu greidd þá þegar, og kveðst stefnandi hafa afhent honum 5000 kr. í þessu skyni, en það var sú upphæð, er talið var, að nægja mundi. Fjórum eða fimm dögum eftir að e/s Edda fór héðan áleiðis til Ítaliu, eða um það bil, sem skipið var væntanlegt til Englands, kveður stefnandi, að forstjóri stefnda hafi hringt til sín. Hafi hann látið þess getið, að þar sem honum hefði skilizt, að stefnandi væri í þeirri trú, að skipshöfn e/s Eddu væri tryggð hjá stefnda, þá vildi hann taka það fram, að svo væri ekki, þar sem félagið hefði ekki samþykkt tryggingarnar og vildi eigi gera það með nefndum kjörum. Hafi stefnda síðan haldið fast við þessa neitun sína, að því undanskildu, að liftryggingarskirteini eins skipverja, Sigurðar Jónssonar, mun hafa verið gefið út fyrir vangá (að því er stefnda telur), og var sá skipverji tryggður fyrir 17000.00 kr.

Stefnandi heldur því nú fram, að bindandi samningar hafi í raun og veru verið komnir á milli sín og stefnda fyrir milligöngu tryggingarstofu félagsins h/f Carl D. Tulinius & Co um liftryggingar skipshafnarinnar, og með þeim kjörum, að greidd yrðu gjöld þau, sem „deponerað“ hefir verið hjá réttinum. En vegna neitunar stefnda hefir stefnandi höfðað mál þetta og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefnda í fyrsta lagi á því, að stefnandi eigi ekki aðild þessa máls. Það er viðurkennt í málinu, að stefnandi ætlar að greiða iðgjöld af hinum umdeildu tryggingum fyrir skipsverja sína, og þykir því ekki verða talið, að stefnanda bresti aðild þess máls, þar sem krafizt er afhendingar á nefndum tryggingarskirteinum gegn greiðslu þessara iðgjalda.

Í öðru lagi byggir stefnda sýknukröfu sína á því, að gagn-

vart sér hafi ekki verið komnir á bindandi samningar um tryggingar þessar, þótt h/f Carl D. Tulinius & Co hafi staðhæft það við stefnanda og staðhæfi það enn, þar sem hvorki stöðumboð þess félags né sérstakt umboð hafi veitt því rétt til að takast á hendur tryggingar með þeim hætti, sem stefnt er út af.

Það er óvæfengt, að viðskipti forstjóra h/f Carl D. Tulinius & Co við stefnanda hafi verið eins og að framan er lýst. Kveðst stefnandi því hafa talið sig fullkomlega geta treyst því, að hann fengi hinar umræddu tryggingar með þeim kjörum, sem forstjóri h/f Carl D. Tulinius & Co hafði lokað, enda hafi hann látið e/s Eddu sigla í trausti þess. Hinar ítrekuðu auglýsingar stefnda í blöðunum um, að tryggingarskrifstofa félagsins sé hjá h/f Carl D. Tulinius & Co, sé og alls ekki unnt að skilja á annan hátt en þann, að það félag geti fullsamið um tryggingar sem þessar, og staðhæfir stefnandi, að það sé venja, að menn semji alveg sjálfstætt við tryggingarskrifstofur sem þessar um líftryggingar.

Að álitu réttarins er orðalag hinna tilvitnuðu auglýsinga þó ekki á þá lund, að það verði talið hafa veitt stefnanda réttmæta ástæðu til að álita umboð h/f Carl D. Tulinius & Co í þessu efni svo viðtækt sem hann hefir haldið fram, og viðtækara en telja verður, að slík tryggingarumboðsmennska feli almennt í sér, sem mun vera að útvega umsóknir um líftryggingar, er vátryggingarfélagið síðan sjálft ákveður, hvort taka skuli til greina eða ekki. Framlagður umboðssamningur milli stefnda og h/f Carl D. Tulinius & Co, svo og líftryggingarskilmálar í framlagðri iðgjaldaskrá stefnda, benda og í sömu átt og styðja þennan skilning. Samkvæmt þessu og þar sem það er ekki, gegn eindregnum mótmælum stefnda, sannað, að slík venja eins og stefnandi hefir skirskotað til gildi um viðskipti sem þessi, verður að telja, að h/f Carl D. Tulinius & Co hafi ekki samkvæmt stöðumboði sínu getað skuldbundið umbj. sinn, stefnda, á þann hátt, sem stefnandi heldur fram.

Kemur þá næst til athugunar, hvort stefnda hafi með sérstöku samþykki og umboði til handa h/f Carl D. Tulinius & Co orðið skuldbundinn gagnvart stefnanda í þessu efni, eins og hann staðhæfir. Skirskotar stefnandi í því sambandi til vitnaframburða þeirra Carl D. Tulinius, forstjóra

h/f Carl D. Tulinius & Co, og tveggja starfsmanna sama félags, þeirra Haralds St. Björnssonar og Hans P. Christian- sen, en þeir hafa m. a. borið það, að forstjóri stefnda, Brynjólfur Stefánsson, hafi í tilteknu samtali við þá bein- línis lofað að taka umræddar tryggingar skv. reglum félags- ins um líftryggingar, og hafi hann þó vitað, í hvaða tilgangi tryggingar þessar væru teknar, þ. e. til fullnægingar á áður- nefndum samningum um stríðsslysaftryggingar.

Framburður þessara vitna um þetta efni og annað hefir öllum verið mótmælt sem alröngum og auk þess sem vil- höllum.

Eftir því sem fyrir liggur í málinu, og þá m. a. með tilliti til þess, hversu vitni þessi eru við málið riðin og hverja hagsmuni telja verður félag það, sem þau hafa lífs- framfæri sitt hjá, hafi af úrslitum þessa máls, verður og að fallast á, að ekki sé með framburðum þeirra sannað, að for- stjóri stefnda hafi, vitandi um alla málavöxtu, lofað að taka tryggingar þessar eða samþykkt frekara í þessu efni en hann viðurkennir. Hann skýrir svo frá, að er þessi þrjú vitni hafi átt tal við sig í umrætt skipti, hafi þau tjáð sér, að þau væru nýkomin sunnan úr Keflavík, þar sem þau hafi verið að ræða við skipshöfnina á e/s Eddu um líftryggingar, sem forstjórinn kveðst hafa skilið svo sem skipverjarnir ætluðu að kaupa. Kveðst forstjórinn samt til varúðar hafa spurt Tulinius að því, hvort hér væri um hinar samnings- bundnu stríðstryggingar að ræða eða venjulegar líftrygg- ingar, og hafi Tulinius kveðið svo vera, enda kveðst for- stjórinn ekki hafa talið slíkt óeðlilegt, þar sem sjómenn höfðu þá nýlega gengið frá samningum við útgerðarmenn um mjög hækkað kaup. Kveðst forstjórinn þá hafa sam- þykkt, að Tulinius héldi áfram með þessar tryggingar- umsóknir, en að því tilskildu, eins og venjulega, að endan- legur dómur yrði lagður á hverja tryggingu. Næstu daga komu svo beiðnirnar inn, og voru þær undirritaðar af hin- um einstöku skipverjum, en ekki af stefnanda. Beiðnirnar voru og útfylltar á sama hátt og við venjulegar líftrygg- ingar, og ekkert var þar, sem benti til, að um stríðsslysa- tryggingaumsóknir væri að ræða. Kveðst forstjóri stefnda og ekki hafa séð neitt grunsamlegt við umsóknirnar, fyrr en hann rak augun í það, að upphæðirnar hjá hverjum einstökum manni voru í flestum tilfellum 12 þús., 17 þús.

og 21 þús., eða sömu upphæðir og útgerðarmenn höfðu með samningi skuldbundið sig til að stríðstryggja skipsmenn fyrir. Hringdi þá forstjórinn strax til stefnanda og spurði hann, hvort útgerðin stæði að þessum líftrygginga-umsókn-um, og hvort tilætlunin væri sú að tryggja með þeim stríðsslysa-áhættu þá, sem útgerðarmenn ættu að tryggja. Kvað stefnandi svo vera, og skýrði forstjórinn honum þá frá því, að stefnda gæti ekki tekið á sig þá áhættu í sam- bandi við líftryggingar.

Að öllu þessu athuguðu verður því að telja, að ekki hafi legið fyrir endanlegt loforð af hendi stefnda um að taka tryggingar þessar, svo og að áðurnefnt skilyrt samþykki forstjóra stefnda í þessum viðskiptum aðiljanna, hafi verið gefið í villu um raunveruleg málsatvik. Leiðir þetta allt til þess að álitni réttarins, að réttarkröfur stefnanda í málinu geta ekki orðið teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, stjórn h/f Sjóvátryggingarfélags Íslands f. h. félagsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Guðjónssonar f. h. Eimskipafélagsins Ísafold h/f í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. október 1940.

Nr. 14/1938. **Guðrún Guðbjörnsdóttir**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Hallgrími Péturssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál. — Eiður.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Jóni Stein- grímssyni, sem þá var sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.